



Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: *Staðan á sviði geðheilbrigðismála í Reykjavík vegna áhrifa Covid-19 faraldursins*

Forsaga:

Á fundi borgarstjórnar þann 3. nóvember 2020 var samþykkt eftirfarandi breytingartillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna:

Borgarstjórn samþykkir að fela velferðarráði að skoða leiðir til að ná betur utan um stöðu geðheilbrigðismála í Reykjavík vegna kórónuveirunnar. Vinnan verði unnin í samstarfi við embætti landlæknis með hliðsjón af nýjum talnabrunni embættisins og borgarvakt í velferðar- og atvinnumálum sem sett var af stað vegna afleiðinga Covid-19 faraldursins s.l. vor. Velferðarráð mun í samstarfi með fulltrúum velferðarsviðs, skóla- og frístundasviðs og íþróttá- og tómstundasviðs ná utan um stöðuna. Í kjölfarið verður unnin aðgerðaráætlun sem fylgt verði eftir.

Á fundi velferðarráðs þann 17. febrúar 2021 fóru fram kynningar á stöðu geðheilbrigðismála í Reykjavík vegna kórónuveiru.

Margrét Lilja Guðmundsdóttir, sérfræðingur hjá Rannsóknnum og greiningu kynnti niðurstöður rannsóknar meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk sem fram fór í október 2020 og rannsókna á ungu fólki í framhaldsskóla (16-20 ára) sem fram hafa farið frá árinu 1992. Niðurstöður Rannsókná- og greininga sýna að stúlkur sýna frekar vanlíðunareinkenni en strákar og þá hlutfallslega meiri.

Sigrún Daníelsdóttir, verkefnastjóri geðræktar hjá Embætti landlæknis kynnti rannsókn á líðan Íslendinga 2020 sem er reglubundin netkönnun sem framkvæmd er mánaðarlega með slembiúrtaki 18 ára og eldri Íslendinga. Niðurstöður úr vöktun Embættis landlæknis sýna ekki miklar breytingar á líðan fullorðinna á heildina litið árið 2020. Tölfræðilega marktæk fækkun er þó í hópi þeirra sem meta andlega heilsu góða og telja sig hamingjusama árið 2020.

Í mars 2021 var jafnframt kynnt nýjasta könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands um hagi og líðan aldraðra á Íslandi. Þátttakendur voru m.a. spurðir út í ýmsa þætti á tímum Covid-19 faraldursins m.a. félagslega virkni. Niðurstöður sýndu að 39% aldraðra í Reykjavík töldu sig hvorki búa við félagslega einangrun né að slík einangrun hefði aukist í kjölfar Covid-19 faraldursins. Samtals 23% töldu sig hafa einangrast frekar mikið eða mjög mikið. Af þeim sem mátu sig hafa einangrast töldu 89% að einangrunin ætti ekki eftir að hafa varanleg áhrif á sig. Alls um 39% þátttakenda töldu að dregið hefði úr líkamsþjálfun þeirra.

Samantekt á helstu niðurstöðum ofangreindra kynninga eru á fylgiskjali 1 með minnisblaðinu.

Greinargerð:

Niðurstöður kannana út frá áhrifum Covid-19 benda til að það hafi orðið neikvæðar breytingar á líðan flestra aldurshópa á tímum Covid-19. Aldurshópurinn 18-24 ára virðist þó sýna flest neikvæð einkenni sem mögulega kunna að vera eðlileg viðbrögð á óeðlilegum tímum. Skólastarf þessa hóps hefur verið mjög skert og margir nemendur sem eru að hefja nám í framhaldsskóla eða háskóla hafa jafnvel ekki verið að hitta samnemendur sína á fyrsta árinu. Eins hefur atvinnuleysi aukist en ljóst er að atvinnuleysi hefur neikvæð áhrif á líðan og er ekki til þess fallið að auka bjartsýni á framtíðina. Velferðarsvið, skóla- og frístundasvið og íþrótt og tómstundasvið hafa öll brugðist við stöðunni vegna Covid-19 og reynt að halda starfsemi og þjónustu gangandi eins og unnt er með áherslu á sóttvarnir til að draga úr áhættu á smitum. Á tímabilinu mars-september 2020 var gripið til fjölda úrræða til að sporna við skaðlegum afleiðingum á andlega heilsu ungra sem aldinna og sú vinna heldur áfram. Að mati velferðarsviðs má leiða að því líkum að þær fjölmörgu og fjölbreyttu aðgerðir og verkefni sem gripið hefur verið til, þvert á aldurshópa, hafi stuðlað að betri líðan og aukinni virkni á tímum Covid-19. Þau verkefni eru:

Málefni aldraða

- Í byrjun Covid-19 faraldurs hóf starfsfólk félagsmiðstöðva velferðarsviðs í samstarfi við Félag eldri borgara og Landsamband eldri borgara að hringja í alla þá sem voru 85 ára og eldri, búa einir og voru með þjónustu frá velferðarsviði. Verkefnið fékk nafnið „*Spjöllum saman*“ og stækkaði og þróaðist þegar leið á faraldurinn og haustið 2020 var m.a. farið í samstarf við Rauða krossinn og aldurshópurinn sem haft var samband við vikkadur út. Auk þess að kanna líðan og aðstæður var fólki boðið að eignast símvini. Hringt hefur verið í um 1600 einstaklinga.
- Velferðartæknismiðja velferðarsviðs var að hefja undirbúning á prófunum skjáheimsókna þegar fyrsta bylgja Covid-19 skall á. Ákveðið var að flýta sérstaklega innleiðingu skjáheimsókna eða myndsamta sem nýrri þjónustuleið. Starfsfólk í heimaþjónustu fann fljótlega að mikilvægt væri að horfa sérstaklega til þeirra notenda sem höfðu lítið stuðningsnet í sínu nánasta umhverfi og voru metnir í meiri áhættu en aðrir á að einangrast, á sama tíma og leitað yrði leiða til að koma í veg fyrir að smit bærust á milli starfsmanna og notenda. Brugðist var hratt við nýjum aðstæðum og prófunum hrundið af stað. Byrjað var að heimsækja einstaklinga sem voru jafnvel farnir að afþakka þjónustu vegna Covid-19. Smám saman stækkaði hópur notenda og fyrstu 6 mánuði verkefnisins hafði starfsfólk heimaþjónustu hringt hátt í þúsund myndsímtöl og tugir notenda og aðstandenda voru farnir að nýta sér þjónustuna reglulega.

- Sumarið 2020 fékk Reykjavíkurborg 25 m.kr. styrk frá félags- og barnamálaráðuneytinu til að efla félagsstarf fullorðinna. Velferðarsvið nýtti styrkinn til ýmissa verkefna fyrir eldri borgara en m.a. var boðið uppá dansleikfimi, leikfimi á vegum sjúkraþjálfara, hlátursnámskeið, námskeið um aukna vellíðan á tímum Covid-19 og fyrirlestra um kvíða og kvíðastjórnun.
- Á grundvelli vinnumarkaðsaðgerða sumarið 2020 var lögð áhersla á að efla félagslega nýsköpun meðal aldraðra sem m.a. fólst í eflingu tæknilæsis og öðrum verkefnum. Auk þess var áhersla lögð á sumarstörf í skapandi greinum og m.a. sýndi Sviðslistahópurinn *Strengur* frumsamið verk en markmiðið var að bæta menningarlíf eldri borgara. Verkið var sýnt á 16 félagsmiðstöðvum og sóttu 445 manns sýningarnar.

Málefni heimilisláusa:

Þann 8. apríl 2020 undirrituðu félagsmálaráðherra og borgarstjóri samning um tímabundinn stuðning félagsmálaráðuneytisins við neyðarhúsnæði og þjónustuúrræði á vegum Reykjavíkurborgar fyrir tiltekna hópa vegna Covid-19. Með samningnum veitti félagsmálaráðuneytið Reykjavíkurborg fjármagn, m.a. til þess að auka stuðning og þjónustu við heimilisláusa einstaklinga með fjölþættan vanda. Í Skipholti var m.a. sett upp neyðarhúsnæði fyrir heimilisláusar konur með fjölþættan vanda. Samningur við félagsmálaráðherra var framlengdur og rennur út þann 31. júlí 2021. Í ljós hefur komið að neyðarhúsnæðið í Skipholti hefur skipt þær konur sem þangað hafa leitað afar miklu máli, sérstaklega ef litið er til andlegrar heilsu þeirra.

Málefni fatlaðra:

- Félags- og barnamálaráðuneytið veitti 20 m.kr. til fatlaðs fólks í formi ferðaávísunar. Alls fengu 454 einstaklingar sem búa í húsnæði fyrir fatlað fólk hjá Reykjavíkurborg 20.000 kr. viðbótarferðaávísun við 5.000 kr. ferðaávísunina sem allir landsmenn fengu. Verkefnið er enn í gangi.
- Hugað var sérstaklega að fötluðum einstaklingum í búsetuúrræðum á vegum velferðarsviðs. Margir þeirra upplifðu félagslega einangrun þar sem daglegt líf fór úr skordum, ekki var unnt að sækja sjúkraþjálfun, sund eða stunda félagslíf utan heimilis svo vikum skipti. Lagt var kapp á að halda vinnustöðum fyrir þennan hóp opnum, til þess að veða á móti einangrun.
- Ráðgjafar á þjónustumiðstöðvum borgarinnar fóru í sérstakt átak við úthringingar til þeirra notenda sem metnir voru í áhættu varðandi félagslega einangrun.
- Reglubundnir upplýsingafundir voru haldnir með hagsmunasamtökum og réttindagæslumönnum fatlaðs fólks í fyrstu, annari og þriðju bylgju faraldursins. Á þessum fundum var upplýsingum miðlað á báða bóga og hagsmunasamtökin komu með ábendingar um það sem þau töldu mikilvægt að huga að.
- Vinnumarkaðsaðgerðir og sumarstörf í skapandi greinum voru nýtt til að skapa skemmtilegar samverustundir með tónlist og tilheyrandi í íbúðakjörnum fatlaðs fólks og var almenn ánægja með þessar aðgerðir.
- Sumarstörf voru nýtt til styrkingar á starfsemi íbúðakjarna og sambýla fyrir fatlað fólk, m.a. í þeim tilgangi að styðja við félagslega þátttöku íbúa.

Málefni barna og ungmenna

- Velferðarsvið fékk sumarið 2020 7,6 m.kr. styrk á grundvelli aðgerða ríkisstjórnarinnar til að auka félagsstarf barna í viðkvæmri stöðu vegna Covid-19. Styrkurinn var nýttur til að bjóða börnum og ungmönnum upp á ýmis konar námskeið og smíðjur. Alls sóttu 120 börn ýmis konar námskeið og smíðjur auk þess sem þau fengu félagslegan stuðning.
- Á grundvelli aðgerða ríkisins þá var jafnframt settur á laggirnar sérstakur íþrótta- og tómstundastyrkur til barna tekjulágra foreldra í nóvember 2020 sem gildir til 31. júlí 2021. 4774 börn í Reykjavík eiga rétt á styrknum sem er kr. 45.000 per barn.
- Á árinu 2020 var hringt í foreldra allra barna sem áttu börn á biðlistum eftir skólaþjónustu, spurt um líðan barna og leiðsögn og ráðgjöf veitt. Gegnum Mentor voru upplýsingar á fjölmörgum tungumálum sendar til foreldra þar sem fram kom með hvaða hætti þeir gætu haft samband við starfsmenn skólaþjónustunnar og þeir hvattir til þess. Eins fengu foreldrar í leik- og grunnskólum sent upplýsinga- og fræðsluefni við hæfi.
- Á grundvelli vinnumarkaðsaðgerða sumarið 2020 voru ráðnir inn starfsmenn til að styrkja *Velkomin verkefnið* sem er sérstaklega miðað að foreldrum og börnum af erlendum uppruna í borginni. Markmiðið er að tengjast fjölskyldum sem fyrst, veita þeim aðstoð við að aðlagast íslensku samfélagi og kynnast og tengjast nærumhverfi sínu.

Virgni:

- Sumarið 2020 voru 204 einstaklingar ráðnir í störf á velferðarsviði á grundvelli vinnumarkaðsaðgerða. Um 75% starfanna voru nýtt til styrkingar á fyrirbyggjandi starfsemi (þjónusta við eldri borgara, fatlað fólk, heimilislausa og börn, auk starfa á skrifstofu velferðarsviðs og þjónustumiðstöðva) en 25% í félagslega nýsköpun (tæknilæsi, leiklist, tónlist, menningarlausni, hreyfiefningu, rannsóknir ofl.).
- Fyrstu aðgerðir Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid-19 voru samþykktar í borgarráði í mars 2020 og lutu m.a. að fjölgun starfa. Fyrir 17 ára voru sköpuð 200 sumarstörf og 400 störf fyrir 18 ára og eldri, Fyrir utan sumarstörfín voru samþykkt 100 störf fyrir einstaklinga með bótarétt og 100 störf fyrir notendur fjárhagsaðstoðar án bótaréttar.
- Í desember 2020 samþykkti velferðarráð að koma á fót „*Virknihúsi*“ sem nái utan um öll virkniúrræði velferðarsviðs með heildstæðri og einstaklingsmiðaðri nálgun og auknu samstarfi við þriðju aðila.
- Í janúar 2021 samþykkti borgarráð að koma á fót Atvinnu- og virknimiðlun sem hefur m.a. það markmið að veita fleiri einstaklingum kost á vinnu og virkni. Til viðbótar þeim störfum sem áður var búið að samþykkja voru til viðbótar samþykkt 150 störf fyrir atvinnulausa einstaklinga án bótaréttar og 50 störf til þeirra sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu.
- Velferðarsvið vinnur nú að samningi við Hugarafli um þjónustu til yngri einstaklinga sem glíma við geðrænar áskoranir og fá fjárhagsaðstoð til framfærslu. Gert er ráð fyrir að á hverjum tíma fái 20 einstaklingar þjónustu.
- Velferðarsvið og Hitt húsið vinna nú að undirbúningi námskeiðs fyrir 18 – 24 ára einstaklinga sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu.

Í fylgiskjöllum 2-3 má finna samantekt á aðgerðum sem gripið hefur verið til á skóla- og frístundasviði og íþróttá- og tómstundasviði í Covid-19 faraldrinum.

Niðurstaða

Ákveðið grunnmat á líðan íbúa liggur nú fyrir um áhrif Covid-19 á hina ýmsu hópa. Ljóst er að faraldurinn hefur haft áhrif á alla aldurshópa en vísbendingar eru um að hann hafi lagst þyngra á andlega líðan ungs fólks en þeirra sem eldri eru. Sérstaklega þarf að mati velferðarsviðs að huga að börnum á grunnskólaaldri en merkja má aukinn kvíða hjá ungmennum í 8-10 bekk grunnskóla, sérstaklega hjá ungum stúlkum en um 17% þeirra upplifðu sig einmanna/niðurdregnar eða daprar í október 2020. Biðlistar eftir skólaþjónustu, þ.m.t. sálfræðinga, styðja aukna þörf á þjónustu en hann jókst um 14,6% á milli ára.

Að störfum hjá Reykjavíkurborg er stýrihópur um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustuparfir (stýrihópurinn Ísak). Stýrihópurinn mun á næstu vikum leggja tillögur fyrir velferðarráð og skóla- og frístundaráð um aðgerðir til að bregðast við aukinni þörf barna og unglinga á þjónustu.

Vert er jafnframt að beina sjónum að framlínustarfsfólki á velferðarsviði sem hefur staðið vaktina í krefjandi aðstæðum í hálf t. ári síðan annað ár meðan faraldurinn hefur staðið yfir. Nauðsynlegt er að hlúa að þessu starfsfólki og taka til sérstakra aðgerða í því sambandi. Nýleg starfsmannakönnun Reykjavíkurborgar veitir vísbendingar í þessa veru en of hátt hlutfall starfsmanna upplifir álag í starfi.

Hvað varðar aðra hópa þá er mat velferðarsviðs að næstu skref Reykjavíkurborgar í að bregðast við áhrifum Covid-19 þurfi að lúta að ákvörðunum um hvaða lykilbreytur þurfi að vakta á næstu 6 til 12 mánuðum m.a. út frá vöktun Embættis landlæknis um líðan Íslendinga, rannsókna Rannsókn og greiningar, Skólalíf og gagna Borgarvaktarinnar. Áður en farið verður að vinna að aðgerðaáætlun þarf að greina hvað af þeim niðurstöðum sem liggja fyrir eru líkur á að taki jákvæðum breytingum í kjölfar jákvæðra breytinga á stöðu Covid-19 faraldursins og hvaða breytingar virðast ætla að verða viðvarandi. Ákjósanlegt væri í þessu sambandi að mynda starfshóp með fulltrúum forvarnarhóps Reykjavíkurborgar, fulltrúum þeirra starfsmanna sem sinna verkefninu „*Heilsueflandi samfélag*“ og fulltrúum úr félagsstarfi Reykjavíkurborgar. Hægt væri að fela hópnum að greina niðurstöður gagna út frá þeim breytum sem mikilvægt er að vakta og bregðast við þeim neikvæðu þáttum sem rekja má að hafi hafist með Covid-19, en taka ekki breytingum með jákvæðari stöðu faraldursins. Samstarf yrði við skóla- og frístundasvið og íþróttá- og tómstundasvið um verkefnið en fulltrúar þessara sviða eiga t.d. fulltrúa í forvarnarhópi Reykjavíkurborgar.

Fylgiskjöl:

1. Samantekt á helstu niðurstöðum kynninga frá fundi velferðarráðs 17. febrúar 2021
2. Samantekt um aðgerðir á skóla- og frístundasviði í Covid-19 faraldrinum
3. Samantekt um aðgerðir á íþróttá- og tómstundasviði í Covid-19 faraldrinum